

HAUST Í HÖFN.

Hvar á ég að byrja? Þegar konan mín minnti mig á að hún hefði sagt mér fyrir mörgum árum frá listamannaresidensíu í Marseille? Þegar ég hafði uppá Höfn á Facebook og bar upp erindi mitt, hvort það væri einhver leið til að ég gæti dvalið hjá þeim í Marseille í einn haustmánuð við skriftir? Þegar Dominique Poulain svaraði erindi mínu og við fórum að skiptast á tölvupóstum? Það sló mig strax að hún hafði mjög sérstakan og skemmtilegan húmor og þessi húmor gaf tóninn fyrir frekari samskipti okkar. Þegar ég bar upp ósk mína (a request, not a demand) um hljómborð til persónulegra afnota eða þegar hún bauð mér að velja milli nokkurra hljóðfæra, hljómborða og gítars? Ég sagðist myndu nota hljóðfærið til að dreifa huganum og jafnvel semja lítil lög þannig stæði á hjá mér. Þegar ég loks birtist á staðnum og hjónin Dominique Poulain og Jean Cristofol tóku á móti mér á flugvellinum? Þau eru hjartað og sálin í Höfn, mig grunaði það þegar ég kom, en vissi það þegar ég fór.

Við skulum aðeins doka við. Af hverju þurfti ég að finna mér stað til að skrifa í heilan mánuð, af hverju gat ég ekki unnið heima hjá mér og hvað var ég eiginlega að skrifa um? Þannig er mál með vexti að mig hefur dreymt um það síðan ég var í kvikmyndaskóla snemma á níunda áratugnum, eða á áttunni eins mér skilst að nú sé farið að segja, að gera mynd um Fjalla-Eyvind og Höllu. Ég lagði hugmyndina til hliðar í rúm þrjátíu ár, en fann svo aftur þörfina, erindið og löngunina fyrir þremur árum. Þegar ég svo fékk minn annan handritsstyrk til verksins frá Kvikmyndamiðstöð Íslands, fannst mér þetta svo merkilegt verkefni að það yrði að sýna því tilhlýðilega virðingu. Líkt og margir stærri listamenn og meiri spámenn en ég hafa gert um áraraðir, ákvað ég að leita næðis fjarri daglegu amstri og þeim reglubundnu skyldum sem fylgja dæmigerðu fjölskyldulífi á Íslandi. Ég yrði að fara í sjálfskipaða útleigð, nánast í einangrun fjarri vinum og vandamönnum. Ég óttaðist að vera dottinn úr æfingu því það voru ár og dagar síðan ég hafði skrifað heilt kvikmyndahandrit til enda. Ég var kominn í Höfn til að skora sjálfan mig á hólmi og ég vissi að glíman yrði ekki létt.

Húsráðendur í Höfn leggja mikið uppúr því að kynna borgarhlutann sinn, Norður-Marseille, fyrir gestum sínum. Íbúasamtökin Hotel du Nord ber strax á góma og það merkilega sjálfbóðastarf sem meðlimir samtakanna vinna fyrir samfélag sitt. Gestir eru kynntir fyrir L'Étaque, Saint Antoine, Verduron nánast á fyrsta degi, hvar sé best að kaupa í matinn, hvar besti bakarinn sé, hvar pósthúsið sé og maður er meira að segja kynntur fyrir apótekaranum (þótt maður þurfi vonandi ekki að rækta þau kynni). Þetta kom sér vel, ég gerði mér fljótt grein fyrir hvar ég væri og fékk fljótt skýra mynd af samfélaginu. Sumt þurfti reyndar að endurtaka, enda eru takmörk fyrir hversu mikið af upplýsingum maður getur komið í varanlega geymslu strax á fyrsta degi. Við lærum af endurtekningunni. Dominique hélt mér við efnið, af einlægum áhuga og einskærri ljúfmennsku, hvatti mig til að segja nei, þegar ég hefði önnur plön eða vildi nota tíma minn í annað. Ég gerði það í örfá skipti og hef eflaust misst af einhverju mjög

áhugverðu, ef ég tek mið af þeim skiptum sem ég gerði það ekki og öllum þeim dásamlegu dagstundum sem ég eyddi ýmist með báðum húsráðendum eða einungis með Dominique. Þau kynntu mig fyrir mörkuðum af ýmsu tagi, strandbænum Sausset-les-Pins, magnaðri klettaströnd í Martigues og ævintýralegum unaðsreit í næsta nágrenni. Þau fóru með okkur Gullýju (konuna mína) til Niolon þar sem við snæddum dýrindis sjávarrétti. Við fengum viðhafnarkynningu á gamla og fallega kvikmyndahúsinu Alahambra við Rue du Cinéma í Saint Henri. Þar tók William Benedetto fostöðumaður bíósins á móti okkur og sagði okkur sögu bíósins sem er samofin sögu Saint Henri hverfisins og Marseille. Síðar átti ég eftir að eyða kvöldstund þarna með Dominique og Jean, að ólöstuðum Joequin Phoenix í hlutverki Jókersins. Þau kynntu mér einnig aðstöðu og starf listafólksins í La Déviation og með þeim og félögum í Hotel du Nord gengum við svo uppá gróna hæð og skoðuðum yfirgefna húsapyrpingu eða húsarústir sem greinilega höfðu einhvern tíma gegnt mikilvægu hlutverki í sinni sveit en voru nú eins konar endurómur horfins lífs eða minning um glæstari tíma. Þessi fallegi staður hefur enn nafn, en það er máð af flestum kortum og því miður úr minni mínu. Undir lok dvalar minnar sýndi Dominique mér menningar- og listamiðstöðina Friche la belle de Mai, sem er steinsnar frá Saint Charles brautarstöðinni í miðbæ Marseille. Og talandi um miðbæ, þá fór ég nokkrum sinnum, ýmist einn eða með minni góðu konu (þá daga sem hún dvaldi hjá mér), niðrí bæ eða niðrað höfn til að endurnýja og rækta gömul kynni af Le Panier hverfinu og öðrum dásemdastöðum í kringum Gömlu höfnina „La vieux port“ sem setur svo sterkan svip á miðborg Marseille.

Marseille er einstök borg. Hún er ekki dæmigerð frönsk borg, hún er í raun ekki dæmigerð eitt eða neitt og kannski ekki heldur frönsk. Nær væri að segja að hún væri alþjóðlegur samtíningur fólks af ýmsum kynþáttum, með margs konar sögu. Og gleymum því ekki heldur að hún er hafnarborg. Ef Marseille væri kona gæti ég lýst henni henni á eftirfarandi hátt: Hún er meðalkona að hæð, jafnvel aðeins í hærra lagi, dökkt hár hvílir á grönnum öxlum, hörundið er brúnleitt eins og moldin undir fótum hennar, stutt er í tælandi brosið en að baki því býr einnig harka. Röddin er í senn gróf og mjúk, seiðandi og fráhrindandi. Líkaminn er grannur en sterklegur og mjúkur þar sem við á. Hún berst ekki á í klæðaburði, henni líður best í einföldum fötum í jarðlitum. Hún Marseille er spennandi vegna þess að hún er ekki öll þar sem hún er séð, það getur tekið tíma að átta sig á henni. Hún er stundum óhefluð í framkomu en að sama skapi heillandi í ákefð sinni og hvatvísi. Stundum er hún þögul og óræð. Hún hefur margar hliðar hún Marseille. Svona konu kynnist maður ekki á einu kvöldi, jafnvel ekki á heilli ævi. En kynnin eru hveirar mínútu virði.

Au revoir, Marseille, a bientôt! Merci Dominique, merci Jean!

Hilmar Odsson

